

Minnisblað

Til: Íþróttá- og tómsbundanefnd
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 15. maí 2023
Mnr. 2022090138



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar, staðan 2023

Í mars 2023 voru 4 stöður flokkstjóra vinnuskólans auglýstar af Ísafjarðarbæ. Aðeins ein umsókn barst um stöðu yfirflokkstjóra og því er ljóst að endurhugsa þarf fyrirkomulag vinnuskólans í sumar, eins og gert var sumarið 2022. Þá var samið við nokkur íþróttafélög og stofnanir Ísafjarðarbæjar um að taka að sér fleiri vinnuskólakrakka en venjulega og var vel tekið í það.

Í janúar 2023 var að beiðni íþróttá- og tómsbundanefndar haft samband við stofnanir Ísafjarðarbæjar til að kanna hvort einhver gæti tekið við krökkum úr vinnuskólanum. Leikskólarnir svöruðu strax játandi en aðrar stofnanir sögðu annað hvort að lítil starfsemi yrði um sumarið eða að skoða yrði með vorinu hvort svigrúm væri til að taka við krökkum.

Nú eru umsóknir í vinnuskólann farnar að streyma inn og þegar heildarfjöldi vinnuskólakrakka liggur fyrir þarf að fara skipta þeim niður á vinnustaði. Einnig verður í boði fyrir 8. bekkinga að taka þátt í Sjávarútvegsskólanum sem hefur vakið lukku meðal vinnuskólakrakka.